



# PJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Til afhendingarskyldra aðila

Reykjavík 21. nóvember 2024  
Tilv. 2410210/1.4

## Efni: Varðveisla rafrænna gagna er meginregla og hætta skal útprentun rafrænna gagna á pappír

Þann 22. júní sl. samþykkti Alþingi breytingar á lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og tóku breytingarnar gildi 5. júlí sl.

Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru á lögnum var að ákvæðum í 15. gr. laganna, sem fjalla um afhendingu afhendingarskyldra skjala og upplýsingarétt, var breytt á þann veg að leitast skuli eftir að afhenda afhendingarskyld skjöl á opinbert skjalasafn á því formi sem skjölín urðu til á nema forstöðumaður opinbers skjalasafns ákveði annað og skuli slík ákvörðun rökstudd.

Megintilgangur þessara breytinga er að löggjöfin endurspegli skýrt þá meginreglu að gögnum beri að skila til opinbers skjalasafns á því formi sem þau urðu til á. Í nútímastjórnsýslu verður yfirgnaefandi meirihluti gagna til á rafrænu formi og er reglan því í reynd meginregla um rafræn skil gagna til opinberra skjalasafna. Breytingin gerir þó ráð fyrir nauðsynlegu svigrúmi fyrir afhendingarskylda aðila að gera rafræn skil möguleg sem hafa ekki nú þegar yfir þeim innviðum að ráða til að framkvæma slík skil. Rétt er að áréttu að með ákvæðinu er ekki verið að heimila að rafrænum gögnum verði skilað á fjölbreyttum skráarsniðum heldur verða rafræn skil eftir sem ádur í samræmi við reglur sem Pjóðskjalasafn Íslands setur á grundvelli laga um opinber skjalasöfn.

Í tilefni þessa og á grunni leiðbeiningaskyldu Pjóðskjalasafns Íslands, sbr. 1. tl. 8. gr. laga um opinber skjalasöfn, vill undirrituð beina þeim tilmælum til afhendingarskyldra aðila að hætta útprentun á pappír á þeim gögnum sem eiga uppruna sinn á rafrænu formi og um leið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja varðveislu rafrænna gagna og styrkja tækninntviði starfsemi sinnar til að mæta þeim kröfum sem afhendingarskyldan gerir samkvæmt lögum.

Rétt er þó að áréttu að ekki er heimilt að eyða pappírsskjölum í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila nema með heimild þjóðskjalavarðar, reglum sem settar eru á grundvelli laga um opinber skjalasöfn eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði, sbr. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn. Pappírsskjöl sem þegar hafa orðið til við útprentun úr rafrænu gagnasafni þarf því að fá heimild til að eyða, líka ef sömu upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi.

Á vef Pjóðskjalasafns má finna reglur og leiðbeiningar um hvernig skuli haga skjalastjórn og skjalavörslu afhendingarskyldra aðila, þ.m.t. um tilkynningu rafrænna gagnasafna og rafræn skil ásamt afhendingu pappírsskjala. Einnig má hafa samband við skjalaverði Pjóðskjalasafns um nánari upplýsingar í gegnum netfangið skjalavarsla@skjalasafn.is.

Virðingarfyllst,

Hrefna Róbertsdóttir  
þjóðskjalavörður  
(undirritað rafrænt)